

Nd.

III. Framvarp

til laga um viðauka við og breytingu á fátækralögum 10. nóv. 1905.

Flutningsmaður: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Engan þann styrk, sem veittur er samkvæmt fátækralögum frá 10. nóv. 1905, má skoða sem sveitarstyrk, ef hann er veittur:

- a. *Vegna ómegðar.* Sá styrkur skal talinn veittur vegna ómegðar, sem veittur er þeim, er hefir fleiri en 3 heimilisföst börn framfærsluskyld, ef það er karlmaður, en ef kona á í hlut, skal fleira en 1 barn talið ómegð.
- b. *Vegna slysa og vanheilsu.* Styrkur skal talinn veittur vegna slysa og vanheilsu, þegar styrkþurfi sannar með vottorði læknis, eða vottorði tveggja skilríkra manna, þar sem ekki næst til læknis, að slys eða vanheilsa, sem styrkþurfi á ekki sök á, geri hann ófæran til vinnu um lengri eða skemri tíma.
- c. *Vegna atvinnuskorts.* Styrkur skal talinn veittur vegna atvinnuskorts, þegar sveitar- eða bæjarfjelag getur ekki veitt styrkþurfandi fjölskyldumanni atvinnu eða visað honum á atvinnu, sem hann getur stundað sjer og sínum til lífsviðurværis.
- d. *Vegna elli.* Sá styrkur skal talinn veittur vegna elli, sem veittur er styrkþurfa, sem er fullra 60 ára að aldri.

2. gr.

Engan þann, sem ræðir um í 1. gr. laga þessara, má flytja fátækraflutningi, nema hann hafi veitt til þess skriflegt samþykki sitt.

Nú verður þurfalíngur ekki fluttur fátækraflutningi, vegna þess, að samþykki hans til þess hefir ekki fengist, og skal þá framfærslusveit endurgreiða allan þann styrk, sem dvalarsveit veitir honum.

3. gr.

Skuldir vegna styrks, er veittur hefir verið eftir þessum lögum, fyrnast á 5 árum.

Allar fátækraaskuldir, stofnaðar samkvæmt fátækralögum 10. nóv. 1905 og seinni breytingum á þeim lögum, sem ekki er veð fyrir og orðnar eru til fyrir 1. jan. 1920, skulu falla í fyrningu, ef ekki hafa verið innheimtar fyrir 1. jan. 1925.

4. gr.

Þau ákvæði fátækralaga frá 10. nóv. 1905, svo og önnur lagaákvæði, sem kunna að koma í bág við þessi lög, eru úr gildi numin.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta fer í sömu átt og breytingartillögur, sem fluttar voru við fátækralögin á þinginu 1921. Hefir stefna Alþingis undanfarið heldur farið í þá átt, þótt hægt sje, að rjetta hluta þeirra, sem svo ólánssamir eru að þurfa að leita styrks af opinberu fje hjá bæjar- og sveitarsjóðum. Má í þessu efni benda á berklavarnalögin o. fl. Með þessu frv. er Alþingi gefinn kostur á að ganga nokkru lengra í þessu efni.